

Mál nr. 18/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Meðábyrgð tjónþola. Þjónusta****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. janúar 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 29. september 2020 hafi M slasað sig er hún hnaut um litla hjólakerru í anddyri verslunar X. Um er að ræða hjólakerru sem venjulega er notuð sem geymsla fyrir litlar innkaupakörfur. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Myndbandsupptaka er til af slysinu og er hún meðal gagna málsins. V féllst á bótaskyldu með bréfi dags. 11. febrúar 2021 en taldi að M ætti að bera helming tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

M telur sig bera enga ábyrgð á því að slysið gerðist. Hún hafi treyst því að henni væri óhætt að ganga um anddyri verslunarinnar, líkt og hún gerði venjulega. Hún hafi verið rétt komin inn í verslunina þegar slysið gerðist og átti að geta treyst því að ekkert væri í gangveginum á þessum stað. Umrædd hjólakarfa hafi verið mjög lág og sést illa þegar ekki eru innkaupakörfur í henni.

V telur að M hafi ekki verið með fulla athygli við gönguna inn í verslunina og ekki litið fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hún datt um kerruna. Hafi það spilað stóran þátt í slysinu og verður það því metið M til gáleysis enda megi reikna með að geymdar séu kerrur, körfur og fleira í tengslum við verslunarreksturinn í anddyri sem þessu.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem M varð fyrir í anddyri verslunar X þann 29. september 2020. Ágreiningur þessa máls lítur eingöngu að því hvort M hafi verið meðvöld að líkamstjóninu á þann hátt að hún verði að bera hluta tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar. Til þess nægir að M hafi sýnt af sér einfalt gáleysi. Myndband af atvikinu liggur fyrir þó ekki sé greinilegt um hvað M féll í umrætt sinn þá telst óumdeilt að það hafi verið lítil hjólakerra. Af myndbandinu sést að hún gætti ekki nægjanlega að sér í aðdraganda slyssins þar sem hún horfði ekki fram fyrir sig. Þykir því rétt að virtum aðstæðum öllum að hún beri helming tjónsins sjálf. Að sama skapi telst M eiga rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V en ber helming tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Reykjavík, 10. maí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir